**Eiður Þorri Þrastarson**
Kt. 230982-5469
Dynskógar 5
810 Hveragerði

Selfoss
24.03.2025

**Efni: Tilkynning um niðurfellingu Grashólsvegar (3812-01), Grímsnes- og Grafningshreppi, af vegaskrá**

Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags. 02.01.2025. þar sem tilkynnt var um að fyrirhugað væri að fella Grashólsveg (3812-01) af vegaskrá þar sem hann uppfyllir ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun innan fjögurra vikna, þ.e. fyrir 30. 01.2025.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að Grashólsvegur (3812-01) uppfyllir ekki skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga og verður því felldur út af vegaskrá sem þjóðvegur frá og með næstu áramótum, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um héraðsvegi nr. 774/2010 með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga.

Landeiganda er hins vegar bent á að hægt er að sækja um að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá sem héraðsvegur þegar það er komin föst búseta og lögheimili. Umsókn og leiðbeiningar um hana má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is. Einnig er hægt að hafa samband við undirritaðan vegna umsóknar.

Vegagerðin vekur athygli á að verði breyting á lögheimilisskráningu fyrir árslok 2025 mun vegurinn ekki falla af vegaskrá.

Ákvörðun þessi er kæranleg til samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

*Afrit: gogg@gogg.is*

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar.
Freydís Edda Benediktsdóttir
Þjónustudeild

*Þetta bréf hefur verið undirritað rafrænt*

Síða 1/1

**Vegagerðin**
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Fullgild rafræn undirskrift
**FREYDÍS EDDA BENEDIKTSDÓTTIR**
Kennitala: 051091-2729
2025-03-24 14:17:39 GMT
Ástæða: Undirskrift